

# HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Grímsá og Tunguá 2025  
Rannsóknir á stofnum laxfiska

*Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson*



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókná- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

**MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE**

## Grímsá og Tunguá 2025. Rannsóknir á stofnum laxfiska.

<b>Höfundar</b>	Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson
<b>Unnið fyrir</b>	Veiðifélag Grímsár og Tunguár
<b>Verkefnisstjóri</b>	Jóhannes Guðbrandsson
<b>Yfirfarið af</b>	Benóný Jónsson
<b>Samþykkt af</b>	Guðni Guðbergsson sviðstjóri Ferskvatns – og eldissviðs

### Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

<b>Númer</b>	HV 2026-20	<b>ISSN</b>	2298-9137
<b>Dagsetning</b>	19. maí 2026	<b>Dreifing</b>	Opin
<b>Fjöldi síðna</b>	20	<b>Verknúmer</b>	8914

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Ágrip

Í stangveiðinni í Grímsá og Tunguá 2025 veiddust 790 laxar og var hlutdeild smálaxa af heildarveiði 82,4% en hlutdeild stórlaxa 17,6%. Laxveiðin dróst saman um 31% á milli ára og var 36% undir meðalveiði. Hrygnur voru í minnihluta laxveiðinnar, bæði hjá smálöxum og stórlöxum og var áætluð meðalþyngd smálaxa 2,62 kg og stórlaxa 4,76 kg. Áætluð meðallengd smálaxa var 62,2 cm og stórlaxa 76,6 cm. Heildarveiði á urriða var 352 fiskar og meira en tvöfaldaðist á milli ára og var 139% yfir meðalveiði. Ein bleikja var skráð í stangveiðinni. Hlutdeild þess að veiða og sleppa laxi var 76,8% af heildarveiði en 60,2% af heildarveiði á urriða.

Í seiðamælingum á fiskgengum hluta vatnasvæðisins veiddust 703 laxaseiði af fjórum aldurshópum (frá 0+ til 3+), 139 urriðaseiði af tveimur aldurshópum (0+ og 1+) og fjögur hornsíli. Samanlögð seiðavísitala allra aldurshópa laxaseiða (meðaltal stöðva) var 76,5/100 m<sup>2</sup> en skiptist þannig að í Tunguá var vísitalan 127,1/100 m<sup>2</sup> en í Grímsá 46,2/100 m<sup>2</sup>. Vísitala sumargömlu (0+) seiðanna var 54,5/100 m<sup>2</sup> á svæðinu öllu og var hún 57,6% yfir meðaltali. Vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var 20% undir meðaltalinu og vísitala tveggja vetra seiðanna var 50% undir meðaltali. Vísitala þriggja vetra (3+) seiðanna var jöfn meðaltalinu. Samanlögð seiðavísitala urriðaseiða (meðaltal stöðva) var 15,5/100 m<sup>2</sup> á öllum fiskgenga hlutanum en skiptist þannig að hún var 20,6/100 m<sup>2</sup> í Grímsá og 6,9/100 m<sup>2</sup> í Tunguá.

Á ófiskgengum hluta Tunguár er stunduð fiskrækt, bæði með flutningi á lifandi hrygningarfiski upp fyrir Englandsfoss og með hrognagreftri enn ofar á vatnasvæðinu, bæði í Tunguá og í Reykjaselskvísl. Á ófiskgenga hlutanum öllum veiddust samanlagt 59 laxaseiði af fjórum aldurshópum (0+ - 3+), þrjú veturgömul (1+) urriðaseiði og 23 bleikjur af fimm aldurshópum (0+ - 4+). Sýnt er að hrognagröftur haustið 2024 bar árangur á tveimur af þeim fjórum stöðvum sem kannaðar voru efst á ófiskegnga hlutanum haustið 2025. Á neðri hluta ófiskgenga hlutans komu engin sumargömul (0+) laxaseiði fram haustið 2025 en níu eins árs (1+) seiði og þrjú tveggja ára (2+). Urriðaseiðin þrjú veiddust á neðstu tveimur stöðvum svæðisins en bleikjurnar veiddust á tveimur efstu stöðvum Tunguár og í Reykjaselskvísl.

**Lykilorð:** *Grímsá, Tunguá, lax, urriði, sjóbirtingur, stangveiði, hrognafjöldi, seiðabéttleiki, fiskirækt, hrognagröftur, fiskflutningur, merkingar, slöngumerki.*

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2. Framkvæmd</b> .....	<b>2</b>
2.1 Stangveiði.....	2
2.2 Seiðarannsóknir.....	2
2.2.1 Hrognagröftur.....	3
<b>3. Niðurstöður</b> .....	<b>5</b>
3.1 Stangveiði.....	5
3.2 Merkingar.....	8
3.3 Seiðarannsóknir.....	8
3.3.1 Fiskgengur hluti Grímsár og Tunguár.....	8
3.3.2 Ofan við Englandsfoss-ófiskgengur hluti Tunguár.....	11
3.3.3 Holdastuðull (K).....	12
<b>4. Umræður</b> .....	<b>14</b>
<b>5. Þakkarorð</b> .....	<b>15</b>
<b>6. Heimildir</b> .....	<b>16</b>
<b>Viðauki 1. GPS staðsetning rafveiðistöðva á vatnasvæði Grímsár (WGS 84 format dd,dddd°). Greint er á milli fiskgenga og ófiskgenga hluta Tunguár.</b> .....	<b>17</b>
<b>Viðauki 2. Seiðavísitala laxaseiða eftir aldri í Grímsá og Tunguá árin 1977 – 2025.</b> .....	<b>18</b>
<b>Viðauki 3. Stangveiði eftir veiðidögum í Grímsá og Tunguá 2025.</b> .....	<b>19</b>
<b>Viðauki 4. Upplýsingar um töku hreistursýna.</b> .....	<b>20</b>

## Myndaskrá

1. mynd. Kort af vatnasvæði Grímsár.....	3
2. mynd. Stangaveiði á laxi í Grímsá og Tunguá 1974 – 2025. ....	5
3. mynd. Stangaveiði á urriða í Grímsá og Tunguá árin 1974 – 2025.....	6
4. mynd. Hlutfall veitt og sleppt af heildarstangveiði á laxi í Grímsá og Tunguá árin 1974 – 2025. ....	6
5. mynd. Lengdardreifing stangveiðinnar eftir tegundum í Grímsá og Tunguá 2025. ....	8
3.3 Seiðarannsóknir.....	8
7. mynd. Meðallengdir (cm) laxaseiða eftir aldurshópum tímabilið 1991– 2025 (0+ til 3+) ....	9
8. mynd. Seiðavísitala laxaseiða eftir aldurshópum á vatnasvæði Grímsár árin 1977 – 1982 og 1991 – 2025. ....	11

## Töfluskrá

Tafla 1. Upplýsingar um þá laxa sem notaðir voru til kreistingar vegna hrognagraftar á ófiskgengum hluta Tunguár .....	3
Tafla 2. Gps. staðsetning þar sem hrogn voru grafin á ófiskgengum hluta Tunguár og í Reykjaseselskvísl 11. nóvember 2024.....	4
Tafla 3. Laxveiðinni í Grímsá og Tunguá 2025 skipt eftir tegundum (og laxi eftir sjávaraldri). 5	
Tafla 4. Laxveiðin í Grímsá og Tunguá 2025 eftir sjávaraldri og kyni. ....	7
Tafla 5. Silungsveiðin í Grímsá og Tunguá 2025 eftir kyni. ....	7
3.3 Seiðarannsóknir.....	8
Tafla 7. Meðallengdir (cm) og fjöldi laxaseiða eftir aldurshópum á hverri stöð ásamt staðalfráviki, í Grímsá og Tunguá (fiskgengi hlutinn) 20. og 21. ágúst 2025.....	9
Tafla 8. Meðallengdir (cm) og fjöldi urriðaseiða eftir aldurshópum (auk hornsíla) á hverri stöð ásamt staðalfráviki, í Grímsá og Tunguá 20. og 21. ágúst 2025.....	10
Tafla 9. Seiðavísitala ferskvatnsfiska (fjöldi seiða/100 m <sup>2</sup> ) eftir tegundum og aldri á rafveiðistöðum á fiskgenga hluta vatnasvæðis Grímsár og Tunguár 20. og 21. ágúst 2025. 10	
Tafla 10. Meðallengdir (cm) og fjöldi laxa- og urriðaseiða eftir aldurshópum ásamt staðalfráviki á hverri stöð á ófiskgengum hluta Tunguár auk einnar stöðvar í Reykjaseselskvísl (nr.120) 20. ágúst 2025. ....	12
Tafla 11. Meðallengdir (cm) og fjöldi bleikja eftir aldurshópum ásamt staðalfráviki á hverri stöð á ófiskgengum hluta Tunguár auk einnar stöðvar í Reykjaseselskvísl (nr.120) 20. ágúst 2025. 12	
Tafla 12. Seiðavísitala ferskvatnsfiska (fjöldi seiða/100 m <sup>2</sup> ) eftir tegundum og aldri á rafveiðistöðum á ófiskgengum hluta Tunguár ofan Englandsfoss auk einnar stöðvar í Reykjadalsskvísl (nr.120) 20. ágúst 2025. ....	12
Tafla 13. Holdastuðull laxfiska á fiskgengum og ófiskgengum svæðum í Grímsá og Tunguá haustið 2025.....	13

# 1. Inngangur

Grímsá í Borgarfirði telst í hópi betri laxveiðiaá á Íslandi og er meðalveiði á laxi í Grímsá og Tunguá 1.233 laxar (1985 – 2024) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Auk lax er urriði (sjóbirtingur) algengur á vatnasvæðinu og er meðalveiði á urriða 166 fiskar (1987 – 2024) (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Leigutaki í Grímsá er Hreggnasi ehf. og er veitt á 4 - 8 stangir á vatnasvæðinu (Hreggnasi, 2026). Veiðitími er frá 24. júní – 30. september og eru merktir veiðistaðir 66 talsins. Fluga er eina leyfða agnið og skylt er að sleppa öllum stórlaxi (yfir 69 cm ) en landa má tveimur smálöxum á dag.

Rannsóknir á seiðaframleiðslu á fiskgengum hluta Grímsár og Tunguár hafa verið stundaðar um langt skeið. Einkum hafa rannsóknirnar beinst að vöktun á útbreiðslu fisktegunda, mælingum á seiðapéttleika og vexti seiða. Upplýsingar um seiðaframleiðslu á vatnasvæði Grímsá eru til fyrir árin 1977 – 1981; 1991 – 2019 og 2021 – 2024 (Sigurður Már Einarsson o.fl., 2025). Í tengslum við arðskrárgerð í veiðifélaginu var botngerð vatnasvæðisins kortlögð árið 1998 (Sigurður Már Einarsson, 1998) og endurskoðuð 2011 (Sigurður Már Einarsson, 2011). Hrognafjöldi hefur verið áætlaður í hrygningu laxa (1974 – 2024) (Sigurður Már Einarsson o.fl., 2025). Fiskrækt hefur lengi verið ástunduð með einhverju móti á vatnasvæðinu en í seinni tíð hefur fiskræktin einkennst af flutningi á hrygningarfiski upp á ófiskgenga hluta Tunguár, skammt ofan við Englandsfoss, og hrognagreftri enn ofar í Tunguá og í Reykjaselskvísl. Árangur af þessum aðgerðum er kannaður með seiðamælingum ár hvert.

Í þessari skýrslu verður stangveiðinni í Grímsá og Tunguá 2025 gerð skil auk þess sem greint verður frá niðurstöðum seiðamælinga á vatnasvæðinu. Niðurstöður könnunar á árangri af hrognagreftri og flutningi á lifandi laxi á ófiskgengan árhlyta Tunguár verða kynntar.

## 2. Framkvæmd


### 2.1 Stangveiði

Upplýsingar um stangaveiði í Grímsá og Tunguá 2025 voru fengnar úr veiðigagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Við greiningu laxveiðinnar var fjöldi fiska í stangaveiðinni flokkaður eftir fisktegund og sundurliðaður eftir lönduðum afla og fiskum sem er sleppt (veitt og sleppt). Veiðin var flokkuð eftir kyni og sjávaraldri auk þess sem meðalþyngd og kynjahlutföll hvers flokks um sig voru tilgreind. Þeir laxar sem eru lengdarmældir en ekki þyngdarmældir er gefin reiknuð (áætluð) þyngd út frá þekktu sambandi lengdar og þyngdar: ( $\text{þyngd} = 0,00002159 * \text{lengd}^{2,83307}$ ) þar sem þyngd er í kg og lengd í cm (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2018). Skörun getur verið á stærðardreifingu smálaxa og stórlaxa, þannig að stór smálax getur verið flokkaður sem stórlax og smár stórlax sem smálax. Mörkin á milli smálaxa og stórlaxa voru skilgreind óháð kyni þannig að lax 69 cm og minni er smálax en lax 70 cm og stærri er stórlax. Langtímagögn (1974 – 2024) um stangveiði í Grímsá og Tunguá voru fengin úr gagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og var veiði ársins 2025, bæði hjá laxi og urriða, borin saman við meðalveiði tímabilsins.

Árið 2025 var í fyrsta sinn byrjað að skrá merkingar á lifandi fiski úr veiðinni í veiðibókargrunn og var fjöldi merktra fiska og endurveiði þeirra tekin saman.

### 2.2 Seiðarannsóknir

Seiðarannsóknir voru gerðar með rafveiðum á vatnasvæði Grímsár og Tunguár 20. og 21. ágúst 2025. Sex stöðvar voru veiddar á ófiskgenga hluta vatnasvæðis Tunguár; þ.e. fimm í Tunguá og ein í Reykjaselskvísl sem rennur í Tunguá (1. mynd; Viðauki 1). Á fiskgenga hlutanum voru þrjár stöðvar veiddar í Tunguá og sex í Grímsá. Öll seiði voru lengdarmæld (cm) og vegin (g) ef þess var kostur auk þess sem nokkur seiði á hverri stöð voru krufin til sýnatöku á kvörnum, magainnihaldi og til kyngreiningar. Öðrum seiðum var sleppt aftur í ána að loknum lengdar- og þyngdarmælingum. Kvarnir voru notaðar til aldursgreiningar (0+, 1+ osfrv.) og í framhaldinu var aldur ókrufinna seiða metinn út frá lengd. Meðallengd (cm) allra aldurshópa seiða var reiknuð auk seiðavísitölu sem er fjöldi veiddra seiða á  $100/\text{m}^2$  botnflatar með einni rafveiðiyfirferð (Friðþjófur Árnason o.fl., 2005). Meðallengdir og seiðavísitölur mismunandi aldurshópa laxaseiða á fiskgenga hluta vatnasvæðisins voru bornar saman við langtímagögn seiðamælinga á svæðinu. Holdastuðull ( $K=100 * \text{þyngd}/\text{lengd}^3$ ) (Bagenal og Tesch, 1978) seiða var reiknaður eftir aldurshópum og tegundum, annarsvegar á fiskgenga hlutanum og hinsvegar á þeim ófiskgenga.



1. mynd. Kort af vatnasvæði Grímsár. Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum.

## 2.2.1 Hrognagröftur

Þann 8. nóvember 2024 voru hrogn grafin á ófiskgengum hluta Tunguár og í Reykjaseskvísl (1. mynd). Til kreistingar voru notaðir laxar úr Grímsá og Tunguá; níu hrygnur og þrjár hængur (Tafla 1). Eftir kreistingu fiskanna og meðhöndlun hrognanna voru þau grafin á átta mismunandi stöðum; sjö stöðum í Tunguá og einum í Reykjaseskvísl. Gps staðsetning var tekin á hverjum stað (Tafla 2). Haustið 2025 var gerð könnun á árangri þessa verks og var rafveitt á helmingi þeirra staða sem hrogn voru grafin á .

Tafla 1. Upplýsingar um þá laxa sem notaðir voru til kreistingar vegna hrognagraftar á ófiskgengum hluta Tunguár og í Reykjaseskvísl 8. nóvember 2024.

Nr	Uppruni (vatnsfall)	Dagsetning	Tegund	Kyn	Lengd (cm)
1	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	56,5
2	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	81,0
3	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	55,0
4	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	61,0
5	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	55,0
6	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	61,5
7	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	58,0
8	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	61,0
9	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hrygna	58,5
10	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hængur	71,0
11	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hængur	67,0
12	Grímsá/Tunguá	8.11.2024	Lax	Hængur	65,5

Tafla 2. Gps. staðsetning þar sem hrogn voru grafin á ófiskgengum hluta Tunguár og í Reykjaselskvísl 11. nóvember 2024. Sýndir eru þeir staðir þar sem árangur af hrognagreftri var kannaður með rafveiðum haustið 2025. ÓN = ónúmeruð stöð.

Nr	Vatnsfall	Nr.	Staðsetning	Dags	Pt.nr	Lat N	Long W	Ath. með rafv. 2025
1	Tunguá	ÓN	Efst; f.o. efsta vað	8.11.2024	1047	64,43948	21,06947	X
2	Tunguá	111	F.o. næstefsta vað	8.11.2024	1048	64,44151	21,06990	X
3	Tunguá		Niður brekku	8.11.2024	1049	64,44642	21,08328	
4	Tunguá	101	Hornstaur	8.11.2024	1050	64,45013	21,10528	
5	Reykjaselskvísl	120	F.o vað	8.11.2024	1051	64,44984	21,11979	X
6	Tunguá	102	Við bústað	8.11.2024	1052	64,45187	21,11656	
7	Tunguá	1	F.n. línuveg/bústað	8.11.2024	1053	64,45325	21,11799	X
8	Tunguá		Við Stóragil	8.11.2024	1054	64,46179	21,12437	

## 3. Niðurstöður


### 3.1 Stangveiði

Í stangveiðinni í Grímsá og Tunguá 2025 veiddust 790 laxar og skiptist veiðin í 651 smálax (82,4%) og 139 stórlaxa (17,6%) (Tafla 3). Laxveiðin dróst saman um 31,0% á milli ára og var 36,4% undir meðalveiði (1.243 fiskar) tímabilsins 1974 – 2024 (2. mynd). Urriðaveiðin taldi 352 fiska og meira en tvöfaldaðist á milli ára og var 144% yfir meðalveiði (144 fiskar) tímabilsins 1974 – 2024 (3. mynd). Af heildarveiði á urriða tilheyrðu 37 fiskar veiðisvæðinu Skugga. Ein bleikja var skráð í stangveiðinni.


Hlutdeild þess að veiða og sleppa fiski var há í stangveiðinni og var öllum stórlöxum fyrir utan fimm sleppt, tæplega 73% smálaxa og yfir 60% urriða (Tafla 3). Frá 1974 – 2025 er hlutfall þess að veiða og sleppa 28,9% en sjaldgæft var á fyrstu 20 árum þessa tímabils að laxi væri sleppt en hlutfallið jókst frá 1995 og hefur með nokkrum undantekningum farið vaxandi á tímabilinu. Meðaltal síðustu 30 ára (1995 – 2025) er 47,5% en árið 2025 var hlutfallslega mestu sleppt til þessa (76,8%) (4. mynd).

Tafla 3. Laxveiðinni í Grímsá og Tunguá 2025 skipt eftir tegundum (og laxi eftir sjávaraldri). Hlutfall fiska sem sleppt var aftur er sýnt. Afli er landaður fiskur.


Tegund	Afli	Sleppt	Veiði	Sleppt (%)
Bleikja	0	1	1	100,0
Smálax	178	473	651	72,7
Stórlax	5	134	139	96,4
Lax alls	183	607	790	76,8
Urriði	140	212	352	60,2



2. mynd. Stangaveiði á laxi í Grímsá og Tunguá 1974 – 2025. Greint er á milli smálax og stórlax. Lárétt lína sýnir meðalveiði tímabilsins 1974 – 2024.



3. mynd. Stangaveiði á urriða í Grímsá og Tunguá árin 1974 – 2025. Lárétt lína sýnir meðalveiði tímabilsins 1974 – 2024



4. mynd. Hlutfall veitt og sleppt af heildarstangveiði á laxi í Grímsá og Tunguá árin 1974 – 2025.

Af kyngreindum löxum úr stangveiðinni voru hrygnur í minnihluta, bæði hjá smálöxum og stórlöxum og áætluð meðalþyngd smálaxa var 2,62 kg og stórlaxa 4,76 kg (Tafla 4). Þyngd er áætluð út frá lengd hjá flestum fiskum en þyngd var skráð hjá 9 löxum. Bleikjan var skráð sem hængur og 36,0 cm löng (Tafla 5). Um 43% urriðanna var kyngreindur og voru hrygnur í minnihluta (42,5%) en áætluð meðalþyngd þeirra var 1,63 kg (Tafla 5).

Tafla 4. Laxveiðin í Grímsá og Tunguá 2025 eftir sjávaraldri og kyni. Sýnt er meðaltal þyngdar (kg) og lengdar (cm) skv. mælingu og áætlun auk heildarþyngdar (kg).

Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
<b>Smálax</b>							
Hængur	370	2,66	2,70	62,90	62,90	978,46	59,11
Hrygna	256	2,28	2,52	61,29	61,29	631,80	40,89
Óþekkt	25		2,51	61,10	61,10	50,25	
<b>Alls</b>	<b>651</b>	<b>2,57</b>	<b>2,62</b>	<b>62,20</b>	<b>62,20</b>	<b>1.660,51</b>	
<b>Stórlax</b>							
Hængur	91		4,66	76,01	76,01	424,34	66,91
Hrygna	45		4,96	77,76	77,76	223,14	33,09
Óþekkt	3		4,78	76,67	76,67	14,33	
<b>Alls</b>	<b>139</b>		<b>4,76</b>	<b>76,59</b>	<b>76,59</b>	<b>661,81</b>	


Tafla 5. Silungsveiðin í Grímsá og Tunguá 2025 eftir kyni. Sýnt er meðaltal þyngdar (kg) og lengdar (cm) skv. mælingu og áætlun auk heildarþyngdar (kg).

Kyn	Fjöldi	Mæld_meðalþyngd	Áætluð_meðalþyngd	Mæld_meðallengd	Áætluð_meðallengd	Heildarþyngd	Kyn (%)
<b>Bleikja</b>							
Hængur	1		0,55	36,00	36,00	0,55	100,00
<b>Alls</b>	<b>1</b>		<b>0,55</b>	<b>36,00</b>	<b>36,00</b>	<b>0,55</b>	
<b>Urriði</b>							
Hængur	88	3,69	1,96	54,02	54,43	170,53	57,52
Hrygna	65	2,83	1,59	51,07	51,23	98,58	42,48
Óþekkt	199	2,13	1,48	49,25	49,51	270,10	
<b>Alls</b>	<b>352</b>	<b>2,82</b>	<b>1,63</b>	<b>50,85</b>	<b>51,12</b>	<b>539,22</b>	

Lengdardreifing laxa í veiðinni var á bilinu 48 – 100 cm. Smálaxarnir voru á bilinu 48 – 69 og algengustu lengdirnar voru 60, 62 og 65 cm. Áætluð meðallengd smálaxa var 62,2 cm (Tafla 4). Stórlaxarnir voru frá 70 – 100 cm og tíðustu mælingar þeirra voru 70 og 75 cm. Einn lax mældist 100 cm og sá næsti á eftir var 92 cm (5. mynd). Áætluð meðallengd stórlaxa var 76,6 cm (Tafla 4). Lengd eða þyngd var ekki skráð hjá 18 löxum

Lengdardreifing urriða í veiðinni var frá 25 – 90 cm. Algengasta mælingin var 50 cm en jafnframt voru algengar lengdir 40, 44, 55 og 60 cm. Einn urriði var 90 cm en sá næst stærsti 78 cm (5. mynd). Áætluð meðallengd urriða var 51,1 cm (Tafla 5). Lengd og þyngd var ekki skráð hjá 21 urriða.

## Grímsá Lundarreykjadal Allt svæðið árið 2025



5. mynd. Lengdardreifing stangveiðinnar eftir tegundum í Grímsá og Tunguá 2025.

## 3.2 Merkingar

Alls voru 23 laxar merktir í stangveiðinni frá 30. júní til 26. júlí og þrjár sjóbirtingar voru merktir 1. júlí. Tveir laxar endurveiddust; 60 cm hængur veiddist og var merktur með merkinu IS-114140 í veiðistaðnum Neðra Garðafhljóti (nr 450) 22. júlí 2025 og veiddist aftur daginn eftir (23. júlí) u.þ.b. 5 km ofar í ánni í Oddastaðafhljóti (nr 600), 60 cm fiskur veiddist 24. júlí 2025 í veiðistaðnum Klöpp (nr 320) og fékk merkið IS-114136, hann veiddist aftur 3. september 2025 1,5 km neðar í ánni, í Strengjum (nr 300) og var þá greindur sem hrygna og mældist 63 cm. Enginn af merktu sjóbirtingunum veiddist aftur.

## 3.3 Seiðarannsóknir


### 3.3.1 Fiskgengur hluti Grímsár og Tunguár

Í seiðamælingum á fiskgengum hluta vatnasvæðisins 2025 veiddust 703 laxaseiði af fjórum aldurshópum (frá 0+ til 3+) (Tafla 7), 139 urriðaseiði af tveimur aldurshópum (0+ og 1+) og fjögur hornsíli sem ekki voru aldursgreind (Tafla 8). Meðallengd sumargamalla (0+) laxaseiða (4,3 cm) var lítið

eitt yfir langtímameðaltali en 0,5 cm meiri en meðallengd 0+ seiða 2024 (7 .mynd). Veturgömlu (1+) seiðin (6,5 cm) voru 0,3 cm undir meðaltali og lítið eitt stærri en 1+ seiðin árið 2024. Tveggja vetra seiðin (9,2 cm) voru jöfn meðaltalinu en 0,6 cm stærri en sami aldurshópur 2024. Meðallengd þriggja (3+) vetra seiðanna (10,5 cm) var nokkru undir meðaltali en yfirleitt er um fá seiði að ræða og engin veiðast sum árin.

Tafla 6. Meðallengdir (cm) og fjöldi laxaseiða eftir aldurshópum á hverri stöð ásamt staðalfrávik, í Grímsá og Tunguá (fiskgengi hlutinn) 20. og 21. ágúst 2025. Neðst er samantekt fyrir allar stöðvar.

Stöð (nr)	Lax 0+			Lax 1+			Lax 2+			Lax 3+		
	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev
3	4,2	115	0,31	6,6	34	0,47	9,4	5	0,32			
4	4,5	45	0,21	6,4	42	0,38	8,7	6	0,45	10,6	1	
5	4,5	90	0,22	6,3	41	0,38	8,6	18	0,60			
6	4,2	76	0,31	6,7	18	0,49	8,9	3	0,36	10,5	3	0,90
7	4,0	70	0,28	6,3	12	0,48	8,4	1		10,7	1	
8	4,1	17	0,24	6,6	2	0,14						
9,5	4,3	11	0,46									
10	4,1	12	0,35	6,8	24	0,85	10,6	11	0,71			
11	4,1	26	0,32	6,1	17	0,66	8,6	2	0,85			
Allar st.	4,3	462	0,33	6,5	190	0,56	9,2	46	1,01	10,5	5	0,64



6. mynd. Meðallengdir (cm) laxaseiða eftir aldurshópum tímabilið 1991 – 2025 (0+ til 3+). Ath. að engar mælingar voru gerðar 2020. Lárétt lína sýnir meðallengd (MI) yfir tímabilið. Ath. mismunandi kvarða á Y-ás.

Meðallengd sumargamalla (0+) urriðaseiða á fiskgenga hlutanum var 4,6 cm og mældist frá 4,4 – 4,8 cm eftir stöðvum (Tafla 8). Meðallengd veturgömlu (1+) seiðanna var 8,7 cm og mældist eftir stöðvum frá 7,9 – 9,5 cm. Hornsílín voru 3,2 cm að meðaltali.


Tafla 7. Meðallengdir (cm) og fjöldi urriðaseiða eftir aldurshópum (auk hornsíla) á hverri stöð ásamt staðalfrávik, í Grímsá og Tunguá 20. og 21. ágúst 2025. Neðst er samantekt fyrir allar stöðvar.

Stöð (nr)	Urriði 0+			Urriði 1+			Hornsíli		
	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev
3									
4	4,7	13	0,31	9,5	2	0,85			
5	4,8	9	0,37	7,9	1				
6	4,7	67	0,48	8,4	1				
7	4,4	15	0,55	8,1	1				
8	4,4	10	0,37				3,3	3	0,21
9,5	4,7	1		8,7	2	1,13	3,1	1	
10	4,8	4	0,57	8,9	1				
11	4,4	12	0,57						
Allar st.	4,6	131	0,48	8,7	8	0,79	3,2	4	0,19

Samanlögð seiðavísitala allra aldurshópa laxaseiða (meðaltal stöðva) á fiskgengum hluta vatnasvæðis Grímsár var 76,5/100 m<sup>2</sup> (Tafla 9) en skiptist þannig að í Tunguá var vísitalan 127,1/100 m<sup>2</sup> en í Grímsá 46,2/100 m<sup>2</sup>. Vísitala sumargömlu (0+) seiðanna var 54,5/100 m<sup>2</sup> á svæðinu öllu (Tafla 9) og var hún 57,6% yfir meðaltali tímabilsins 1977 – 2025 (32,7/100 m<sup>2</sup>) (8. mynd). Vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var 20% undir meðaltalinu (25,3/100 m<sup>2</sup>) og vísitala tveggja vetra seiðanna var 50% undir meðaltali (8,4/100 m<sup>2</sup>). Vísitala þriggja vetra (3+) seiðanna var jöfn meðaltalinu (0,6/100 m<sup>2</sup>) (Tafla 9; 8. mynd). Samanlögð vísitala urriðaseiða (meðaltal stöðva) var 15,5/100 m<sup>2</sup> á öllum fiskgenga hlutanum en skiptist þannig að hún var 20,6/100 m<sup>2</sup> í Grímsá og 6,9/100 m<sup>2</sup> í Tunguá (Tafla 9).

Tafla 8. Seiðavísitala ferskvatnsfiska (fjöldi seiða/100 m<sup>2</sup>) eftir tegundum og aldri á rafveiðistöðum á fiskgenga hluta vatnasvæðis Grímsár og Tunguár 20. og 21. ágúst 2025. Meðaltal stöðva er reiknað út fyrir Grímsá annarsvegar og Tunguá hinsvegar og fyrir báðar árnar saman (allt svæðið) auk þess sem heildarflatarmál rafveiðistöðva er sýnt fyrir hvert svæði. \*Stöð 9,5 er aukastöð og undanskilin útreikningum um meðaltal.

Stöð (nr)	Svæði (m <sup>2</sup> )	Hornsíli	Lax					Urriði		
		Ógr.aldur	0+	1+	2+	3+	Samtals	0+	1+	Samtals
3	83	0,0	139,4	41,2	6,1	0,0	186,7	0,0	0,0	0,0
4	113	0,0	39,7	37,0	5,3	0,9	82,9	11,5	1,8	13,2
5	133	0,0	67,4	30,7	13,5	0,0	111,7	6,7	0,7	7,5
6	90	0,0	84,3	20,0	3,3	3,3	110,9	74,3	1,1	75,4
7	146	0,0	48,1	8,2	0,7	0,7	57,7	10,3	0,7	11,0
8	136	2,2	12,5	1,5	0,0	0,0	14,0	7,4	0,0	7,4
*9,5	146	0,7	7,5	0,0	0,0	0,0	7,5	0,7	1,4	2,1
10	198	0,0	6,0	12,1	5,5	0,0	23,7	2,0	0,5	2,5
11	181	0,0	14,3	9,4	1,1	0,0	24,8	6,6	0,0	6,6
Grímsá 3-5	329	0,4	33,0	10,2	2,1	0,8	46,2	20,1	0,5	20,6
Tunguá 6-11	752	0,0	82,2	36,3	8,3	0,3	127,1	6,1	0,8	6,9
Allar stöðvar	1.081	0,3	51,5	20,0	4,4	0,6	76,5	14,8	0,6	15,5



7. mynd. Seiðavísitala laxaseiða eftir aldurshópum á vatnasvæði Grímsár árin 1977 – 1982 og 1991 – 2025. Ath. að seiðamælingar voru ekki gerðar 2020. Lárétt lína sýnir meðaltal rannsóknarára. Ath. mismunandi gildi á Y-ás.

### 3.3.2 Ofan við Englandsfoss – ófiskgengur hluti Tunguár

Ofan við Englandsfoss á ófiskgenga hluta Tunguár og í Reykjaselskvísl veiddust samanlagt 59 laxaseiði af fjórum aldurshópum (0+ - 3+), þrjú veturgömul urriðaseiði (Tafla 10) og 23 bleikjur af fimm aldurshópum (0+ - 4+) (Tafla 11). Laxaseiðin á efstu stöðvunum (120, ÓN, 111 og 1) eru til komin af hrognum sem grafin hafa verið á svæðinu (en árangur af hrognagreftri er kannaður ár hvert samhliða öðrum seiðamælingum). Sýnt er að hrognagröftur haustið 2024 bar árangur á tveimur af þeim fjórum stöðvum sem kannaðar voru 2025 (120 og ÓN) (Tafla 2 og 10). Laxaseiðin á stöðvum 2 og 2,4 (Gilstreymi og ofan við Reyki) sem jafnframt eru neðstu stöðvarnar á ófiskgenga hluta Tunguár eru til komin vegna flutnings á hrygningarfiski upp fyrir Englandsfoss. Engin sumargömul (0+) laxaseiði komu fram 2025 en níu eins árs (1+) seiði og þrjú tveggja ára (2+) seiði veiddust (Tafla 10). Urriðaseiðin þrjú veiddust á neðstu tveimur stöðvum svæðisins (2 og 2,4) (Tafla 10) og bleikjurnar veiddust á þremur efstu stöðvum Tunguár (120, ÓN og 111) (Tafla 11).

Meðallengdir hvers aldurshóps voru breytilegar eftir stöðvum en fá seiði og stundum einungis eitt voru á bak við sumar mælingarnar. Í Reykjaselskvísl voru laxaseiðin (0+ og 1+) áberandi stærst samanborið við aðrar stöðvar (Tafla 10) og bleikjuseiðið (2+) var langtum stærra en jafnaldrar á stöð ÓN (Tafla 11). Meðallengd hvers aldurshóps laxa- og urriðaseiða var langtum meiri á ófiskgenga hlutanum samanborið við meðallengdir á þeim fiskgenga.

Tafla 9. Meðallengdir (cm) og fjöldi laxa- og urriðaseiða eftir aldurshópum ásamt staðalfrávikum á hverri stöð á ófiskgengum hluta Tunguár auk einnar stöðvar í Reykjaselskvísl (nr.120) 20. ágúst 2025. Neðst er samantekt fyrir allar stöðvar. ÓN=ónúmeruð.

Stöð (nr)	Lax 0+			Lax 1+			Lax 2+			Urriði1+		
	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev
120	6,7	7	0,24	11,9	1							
ÓN	4,5	1										
111				7,2	17	0,54						
1				9,4	2	0,14	13,2	1				
2				9,2	9	0,65	12,6	3	0,80	10,8	2	0,35
2,4				8,2	18	0,36				10,7	1	
Allar st.	6,4	8	0,80	8,2	47	1,06	12,8	4	0,71	10,7	3	0,25

Tafla 10. Meðallengdir (cm) og fjöldi bleikja eftir aldurshópum ásamt staðalfrávikum á hverri stöð á ófiskgengum hluta Tunguár auk einnar stöðvar í Reykjaselskvísl (nr.120) 20. ágúst 2025. Neðst er samantekt fyrir allar stöðvar. ÓN=ónúmeruð.

Stöð (nr)	Bleikja 0+			Bleikja 1+			Bleikja 2+			Bleikja 3+			Bleikja 4+		
	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev	MI	Fj	St.dev
120							16,9	1							
ÓN	4,7	4	0,13	9,0	4	0,42	10,1	4	0,39	11,7	3	0,47	13,5	1	
111	4,6	3	0,15	7,1	1								12,9	2	0,35
1															
2															
2,4															
Allar st.	4,7	7	0,13	8,6	5	0,93	11,5	5	3,05	11,7	3	0,47	13,1	3	0,45

Samanlögð seiðavístala (allir aldurshópar) bleikju á ófiskgenga hluta Tunguár og Reykjaselskvíslar var 3,2/100 m<sup>2</sup> og samanlögð seiðavístala lax var 7,9/100 m<sup>2</sup> og urriða 0,3/100 m<sup>2</sup> (Tafla 12).

Tafla 11. Seiðavísitala ferskvatnsfiska (fjöldi seiða/100 m<sup>2</sup>) eftir tegundum og aldri á rafveiðistöðum á ófiskgengum hluta Tunguár ofan Englandsfoss auk einnar stöðvar í Reykjadalsskvísl (nr.120) 20. ágúst 2025. Stöðvar 2 og 2,4 eru á neðra svæði Tunguár þar sem lifandi lax er fluttur til hrygningar en aðrar stöðvar eru á efra svæði ófiskgenga hlutans þar sem hrogn eru grafin. Tekin eru saman meðaltöl stöðva fyrir efra svæðið, neðra svæðið og allar stöðvar. ÓN=ónúmeruð stöð.

Stöð (nr)	Svæði (m <sup>2</sup> )	Bleikja						Lax				Urriði
		0+	1+	2+	3+	4+	Samtals	0+	1+	2+	Samtals	1+
120	65	0,0	0,0	1,5	0,0	0,0	1,5	10,8	1,5	0,0	12,3	0,0
ÓN	121	3,3	3,3	3,3	2,5	0,8	13,2	0,8	0,0	0,0	0,8	0,0
111	144	2,1	0,7	0,0	0,0	1,4	4,2	0,0	11,8	0,0	11,8	0,0
1	104	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,9	1,0	2,9	0,0
2	170	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	5,3	1,8	7,1	1,2
2,4	141	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	12,8	0,0	12,8	0,7
Efra svæði	434	1,3	1,0	1,2	0,6	0,6	4,7	2,9	3,8	0,2	7,0	0,0
2 - 2,4	311	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	9,0	0,9	9,9	0,9
Allar st.	745	0,9	0,7	0,8	0,4	0,4	3,2	1,9	5,6	0,5	7,9	0,3

### 3.3.3 Holdastuðull (K)

Á fiskgenga hluta Grímsár og Tunguár var holdastuðull (K) hjá laxi og urriða 1,1 að meðaltali en á ófiskgenga hluta Tunguár auk Reykjaselskvíslar var holdastuðullinn að meðaltali 1,2 hjá laxi, 1,3 hjá urriða og 1,0 hjá bleikju (Tafla 13). Í öllum tilfellum lýsir holdastuðullinn seiðum sem eru vel á sig komin.

Tafla 12. Holdastuðull laxfiska á fiskgengum og ófiskgengum svæðum í Grímsá og Tunguá haustið 2025.

Fiskgengt svæði						
Ferksvatns- aldur (ár)	Lax			Urriði		
	K	Fjöldi	St.dev.	K	Fjöldi	St.dev.
0+	1,1	293	0,10	1,1	78	0,10
1+	1,0	175	0,07	1,1	8	0,06
2+	1,1	46	0,11			
3+	1,1	5	0,06			
Alls	1,1	519	0,09	1,1	86	0,10

Ófiskgengt svæði									
Ferksvatns- aldur (ár)	Lax			Urriði			Bleikja		
	K	Fjöldi	St.dev.	K	Fjöldi	St.dev.	K	Fjöldi	St.dev.
0+	1,2	8	0,08				1,0	7	0,08
1+	1,2	48	0,08	1,3	3	0,10	1,0	5	0,05
2+	1,2	3	0,11				1,0	5	0,05
3+							1,1	3	0,01
4+							1,1	3	0,08
Alls	1,2	59	0,08	1,3	3	0,10	1,0	23	0,07

## 4. Umræður

Í bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu kemur fram að stangveiði á villtum laxi í ám á Íslandi árið 2025 hafi dregist saman um 33% á milli ára og er einnig um 33% undir meðalveiði frá 1974 (Hafrannsóknastofnun, 2025; Guðni Guðbergsson 16. febrúar 2026). Hér er átt við stangveiði þegar búið er að undanskilja fjölda laxa úr hafbeitarsleppingum en ekki hefur verið leiðrétt fyrir þeim fjölda laxa er kunna að veiðast aftur eftir að hafa verið veitt og sleppt. Miklar sveiflur hafa einkennt laxveiðina á landinu öllu í á annan áratug (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2025). Fjöldi laxa sem gengur í árnar ár hvert er m.a. háður fjölda gönguseiða sem halda til sjávar árin á undan og afdrifum þeirra í sjávardvölinni. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi og eru ástæður þess ekki fyllilega þekktar. Þó má nefna að sýnt hefur verið fram á að hitafar sjávar er einn af lykilþáttum í laxgengd og laxveiði hverju sinni (Olmos o.fl., 2020).

Laxveiðin í Grímsá og Tunguá dróst saman um 34% á milli ára og var 39% undir meðalveiði (1974 – 2025). Veiðitölur hafa verið svipaðar frá 2019, þ.e. langt undir meðalveiði ef frá er talið árið 2024 þegar veiðin var einungis lítið eitt undir langtímameðaltali. Hlutdeild þess að veiða og sleppa í Grímsá og Tunguá hefur um langt skeið verið há og hefur án efa styrkt hrygningarstofninn í ánni. Nýliðun seiða hefur oft mælst góð á vatnasvæðinu þrátt fyrir slaka veiði og hefur vísitala 0+ seiða frá 2016 ýmist verið um eða langt yfir meðaltali. Vísitala veturgömlu (1+) seiðanna var langt yfir meðaltali 2017 – 2019 en svolítið undir meðaltali frá 2021 – 2025. Seiðaathuganir voru ekki gerðar 2020 en veturgömlu (1+) seiðin í mælingunum 2021 voru lítillega undir meðaltali sem gefur vísbendingu um að sem sumargömul (0+) seiði hafi þau verið yfir meðallagi í þéttleika. Viðmiðunarmörk fyrir seiðapéttleika hafa ekki verið metin á vatnasvæðinu en seiðapéttleiki hefur verið vel á pari eða yfir seiðapéttleika á vatnasvæðum í nágrenninu. Því virðist veiðistjórnun í Grímsá og Tunguá vera með sjálfbærum hætti.

Fiskrækt ofan við fossa í Tunguá hefur verið stunduð um langt skeið. Svæðið hentar vel fyrir laxaseiði (Sigurður Már Einarsson, 1998) og er vöxtur seiða góður. Þéttleiki seiða á svæðinu er samt margfalt minni en á fiskgengum svæðum í Tunguá og gæti svæðið því framleitt mun meira af gönguseiðum. Því er óhætt í góðum laxaárum að flytja töluverðan fjölda upp fyrir fossinn. Gæta þarf samt að því ef að göngur laxa eru slakar að taka ekki um of til að næg hrygning eigi sér stað á fiskgengum svæðum Grímsár og Tunguár.

Enginn fiskvegur er í Grímsá og því ekki einfalt að koma fyrir fiskteljara í ánni. Töluverð reynsla hefur skapast á notkun girðinga sem hægt er að nota til að beina fiski í teljara í Noregi í tengslum við aðgerðir gegn hnúðlaxi þar sem hann er skilgreindur sem ágeng tegund (Thorstad o.fl., 2025). Þar hafa meðal annars verið notaðar svokallaðar flotgirðingar (resistance board weir) sem eru úr plastpípum sem hannaðar voru í Alaska til að vakta kyrrahafslax (Tobin, 1994). Slík girðing er helst sett á lygna, grunna kafla og gæti því hentað á neðri hluta Grímsár. Best væri að staðsetning á teljara væri einnig þar sem stutt er í rafmagnstengingu ef áhugi er að hefja slíka vöktun.

Önnur leið til að meta stærð laxagöngunnar er að merkja fiska með slöngumerkjum. Til að fá gott mat þarf slík merking að vera umfangsmikil og mikilvægt að veiðimenn sýni aga í skráningum endurveiddra fiska. Slíkt mat á stofnstærð verður þó aldrei jafn nákvæmt og þegar hægt er að telja alla gönguna en veitir á móti áhugaverðar upplýsingar um hlutfall fiska sem veiðast oftar en einu sinni.

**Ráðgjöf:**

Gætt skal að því að veiðiskýrslur skili sér tímanlega í veiðigrunn Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar fyrir öll veiðisvæði.

Þéttleiki laxaseiða bendir til að veiðistjórnun sé með sjálfbærum hætti og lagt er til að hún verði með óbreyttu sniði.

Fiskrækt ofan Englandsfoss í Tunguá virðist skila árangri og þykir ekki hafa neikvæð áhrif á fiskgengum svæðum. Því er óhætt að halda áfram á sömu braut og jafnvel flytja meira magn af fiski upp fyrir foss ef laxagöngur eru góðar. Til að hafa ekki neikvæð áhrif á staðbundinn bleikjustofn efst í Tunguá er lagt til að ekki verði farið ofar í ánni í hrognagreftri en verið hefur til þessa.

Lagt er til að skoðaður verði möguleiki á fisktalningu í Grímsá.

Hvatt er til að árlegrar hreisturtöku úr stangveiðinni, bæði af laxi og sjóbirtingi. Slík vöktun tryggir góða þekkingu á lífsferli þessara tegunda og gefur færi á að greina erfðaefni úr hreistrinu. Rétt er að benda á að hreisturtaka af laxi sem sleppt er í veiði er vel framkvæmanleg þótt leggja þurfi áherslu á góða meðferð á fiskinum (**Upplýsingar um aðferðir og tilgang hreistursöfnunar má sjá í Viðauka 4**).

## 5. Þakkarorð

Jóni Gíslasyni formanni Veiðifélags Grímsár eru þökkuð góð samvinna. Ólafur Jóhannesson skráði í samstarfi við Jóhannes Guðbrandsson og Sigurð Mát Einarsson upplýsingar um hrognagröft á efstu svæðum Tunguár haustið 2024 og er þakkað samstarfið. Benóný Jónsson las yfir handrit að skýrslunni og fær þakkir fyrir góðar ábendingar. Sigurður Már Einarsson lét af störfum hjá Hafrannsóknastofnun um áramótin eftir áratugastarf við rannsóknir og vöktun laxastofna á Vesturlandi og er honum kærlega þakkað fyrir allt hans framlag.

## 6. Heimildir

- Hreggnasi. (2026) skoðað 12.3.2026 á: <https://hreggnasi.is/index.php/rivers/grimsa>
- Bagenal, T.B. and Tesch, F.W. (1978). Age and Growth bls. 101-136. Í: IBP Handbook No 3. Methods for Assessment of Fish Production in Fresh Waters, T. Bagenal (ritstj.) Blackwell Scientific Publications. Oxford. Þriðja útgáfa.
- Friðþjófur Árnason, Þórólfur Antonsson og Sigurður Már Einarsson (2005). Evaluation of single-pass electric fishing to detect changes in population size of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) juveniles. *Icel. Agric. Sci.* 18, 67-73.
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2018). Lax – og silungsveiði 2017. Haf – og vatnarannsóknir. HV 2024-27. 36 bls.
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2025). Lax- og silungsveiðin 2024. Hafrannsóknastofnun og Fiskistofa. HV 2025-28. 37 bls.
- Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson (2008). Tengsl stofnstærðar, sóknar og veiðihlutfalls hjá laxi í Elliðaánum. *Fræðaging landbúnaðarins* 5:242-249.
- Hafrannsóknastofnun. (2025, 17. október). Bráðabirgðatölur fyrir stangveiði á laxi sumarið 2025. <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/bradabirgdatolur-fyrir-stangveidi-a-laxi-sumarid-2025>
- Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson (2008). Relation between stock size and catch data of Atlantic salmon (*Salmo salar*) and Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). *ICEL.AGRIC.SCI.* 21, bls. 61-68.
- Olmos M., Payne M.R., Nevoux M., Prévost E., Chaput G., Du Pontavice H., Guitton J., Sheehan T., Mills K. og Rivot E. (2020). Spatial synchrony in the response of a long range migratory species (*Salmo salar*) to climate change in the North Atlantic Ocean. *Glob Change Biol.* 26:1319–1337 <https://doi.org/10.1111/gcb.14913>
- Sigurður Már Einarsson (1998). Mat á búsvæðum fyrir lax í Grímsá og Tunguá. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. VMST-V/98001X. 11 bls.
- Sigurður Már Einarsson (2011). Skilagrein. Endurskoðun á búsvæðamati í Grímsá og Tunguá 2011. VMST-G/1106. 3 bls.
- Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir (2016). Vöktunarrannsóknir í Grímsá og Tunguá árið 2015. Skýrsla. VMST/16019. 15 bls.
- Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Jóhannes Guðbrandsson (2025). Grímsá og Tunguá 2024. Vöktun á stofnum laxfiska. Haf – og vatnarannsóknir HV 2025-23. 19 bls.
- Thorstad E.B., Frøiland E., Fagard P., Kvaal M., Lehne K. C., Liberg E., Sandodden R., Skaala Ø. og Vatne T. (2025). Assessing the extraordinary measures used to counteract invasion of pink salmon into the North Atlantic. *Management of Biological Invasions.* 2:465-487.
- Tobin JH. (1994). Construction and performance of a portable resistance board weir for counting migrating adult salmon in rivers. US Fish and Wildlife Service, Kenai Fishery Resource Office, Alaska Fisheries Technical Report 22:1-33.

## Viðauki 1. GPS staðsetning rafveiðistöðva á vatnasvæði Grímsár (WGS 84 format dd,dddd°). Greint er á milli fiskgenga og ófiskgenga hluta Tunguár.


	Vatnsfall	Nr.	Kennileiti	N°	W°	Veitt 2025
Ófiskgengt	Tunguá		Efst	64,43947	-21,06947	X
	Tunguá	110	Neðan við efra línuva	64,44051	-21,06989	
	Tunguá	111	Ofan við neðra línuva	64,44173	-21,06998	X
	Tunguá	101	Hornstaur	64,45013	-21,10533	
	Tunguá	102	Ofan við bústað	64,45135	-21,11612	
	Reykjaselskvísl	120	Fyrir ofan vað	64,44987	-21,11970	X
	Tunguá	1	Línuvegur	64,45325	-21,11812	X
	Tunguá	2	Gilstreymi	64,48357	-21,14937	X
	Tunguá	2,4	Ofan við Reyki	64,94025	-21,16587	X
Fiskgengt	Tunguá	3	Englandsfoss	64,50235	-21,20107	X
	Tunguá	4	Iðunnarstaðir	64,50368	-21,25443	X
	Tunguá	5	Brautartunga	64,52737	-21,32902	X
	Grímsá	6	Jötnabrúarfoss	64,53430	-21,29860	X
	Grímsá	7	Oddstaðarétt	64,53843	-21,31613	X
	Grímsá	8	Gullberastaðir	64,54203	-21,35715	X
	Grímsá	9,5	Skálpastaðir	64,57021	-21,52656	X
	Grímsá	11	Fossatún	64,59337	-21,59120	X

## Viðauki 2. Seiðavísitala laxaseiða eftir aldri í Grímsá og Tunguá árin 1977 – 2025.

Ár	Dags.	Fjöldi stöðva	Svæði m <sup>2</sup>	Lax - fjöldi á 100 m <sup>2</sup>				Samtals
				0+	1+	2+	3+	
1977	31.ágú	10	4.254	41,6	28,9	8,0	0,0	78,5
1978	2.sep	13	6.293	16,5	13,2	4,6	0,0	34,3
1979	11.sep	13	5.585	26,4	14,2	6,2	0,1	46,9
1980	9.sep	12	5.236	31,6	27,6	5,4	0,6	65,2
1981	10.sep	12	5.098	31,9	23,7	6,7	0,3	62,6
1991	5.sep	9	2.671	8,5	10,3	4,1	0,6	23,6
1992	1.sep	7	991	31,8	18,3	12,9	5,0	68,1
1993	12.okt	7	1.543	8,8	17,6	6,1	0,4	32,9
1994	5.sep	5	1.110	16,7	27,4	16,3	0,8	61,2
1995	21.ágú	8	1.963	10,6	41,6	23,1	1,3	76,6
1996	3.sep	6	1.497	16,4	35,5	9,2	0,9	62,0
1997	16.sep	8	2.194	19,2	23,4	15,2	1,2	59,0
1998	26.ágú	6	1.024	28,5	43,7	12,6	0,2	85,0
1999	1.sep	6	1.350	20,2	35,3	8,9	0,5	65,0
2000	31.ágú	7	1.577	47,2	47,4	14,2	0,7	109,5
2001	28.ágú	7	1.213	22,8	33,1	13,4	2,5	71,7
2002	30.sep	11	2.069	31,4	22,6	9,3	1,2	64,5
2003	25.sep	11	1.555	17,6	12,1	5,9	0,4	36,0
2004	30.ágú	10	1.422	21,1	21,5	8,2	0,2	50,9
2005	22.sep	9	1.842	29,7	18,4	4,8	0,0	53,0
2006	30.ágú	9	1.786	32,3	30,5	9,9	1,5	74,3
2007	29.sep	8	1.665	22,5	20,0	6,0	0,4	48,8
2008	26.ágú	8	1.324	37,9	14,8	4,4	0,4	57,4
2009	26.ágú	8	1.244	67,2	19,3	4,9	0,0	91,4
2010	8.sep	8	1.255	48,0	35,2	8,7	0,0	91,8
2011	16.sep	8	1.368	47,3	20,9	6,7	0,0	74,9
2012	19.sep	8	1.516	33,8	22,0	6,6	0,0	62,5
2013	21.ágú	8	1.373	19,3	27,9	11,0	0,1	58,2
2014	10.sep	8	1.142	72,7	25,7	12,9	0,7	112,0
2015	27.ágú	8	1.587	11,2	26,5	10,7	0,2	48,6
2016	31.ágú	7	1.205	50,4	17,9	8,8	0,3	77,4
2017	5.sep	8	907	61,5	42,9	7,2	0,3	111,9
2018	30.ágú	8	1.095	39,1	32,4	9,7	0,0	81,2
2019	27.ágú	8	962	53,4	28,4	10,0	0,7	92,4
2020								
2021	18.ágú	8	1.182	40,2	24,2	12,3	0,0	76,7
2022	9.sep	8	839	38,6	22,8	4,9	0,1	66,5
2023	14.ágú	8	944	33,0	22,8	6,6	0,5	62,8
2024	20.ágú	8	1.069	35,5	16,4	4,9	0,6	57,5
2025	20.ágú	8	1.081	51,5	20,0	4,4	0,6	76,5
Meðaltal				32,7	25,3	8,9	0,6	67,4
Min gildi				8,5	10,3	4,1	0,0	23,6
Max gildi				72,7	47,4	23,1	5,0	112,0

## Viðauki 3. Stangveiði eftir veiðidögum í Grímsá og Tunguá 2025.


Grímsá Lundarreykjadal Allt svæðið árið 2025



## Viðauki 4. Upplýsingar um töku hreistursýna.

Hreistursöfnun úr stangveiðinni er mikilvæg svo hægt sé að meta lífssögulega þætti og aldursamsetningu laxastofnsins hverju sinni. Með aldursgreiningu á hreistri er unnt að meta aldur í ferskvatni, fjölda ára í sjávardvölinni og hvort lax sé á endurtekinni hrygningu. Mælingar á hreistri gefa möguleika á að reikna út sjávarvöxt og gefa þær upplýsingar mynd af vaxtarskilyrðum í sjávardvölinni. Með aldursgreiningu á hreistri er mögulegt að greina á milli laxa af eldisuppruna og laxa af náttúrulegu klaki árinna.

Að taka hreistur af laxi er tiltölulega einföld aðgerð. Þó er mikilvægt að vanda sýnatöku og þess gætt að hreistur sé tekið af réttum stað á fiskinum og að fiskurinn sé lengdarmældur. Bent er á greinagóðar upplýsingar inn á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar um aðferðir við hreistursýnatöku og tilgang rannsóknanna og fylgir hér linkur á leiðbeiningarnar.



Hreisturtökustaður á laxi sýndur með rauðum ferhyrningi, rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Einnig er sýnt hvernig lengd fisksins er mæld, frá snoppu aftur að sporðsýlingu.

### Hreistur tekið af lifandi fiski:

Þegar hreistur er tekið af fiskum sem sleppt er til lífs er mikilvægt að gera það af varkárni. Hreistrið er ávallt tekið rétt aftan bakugga, ofan hliðarrákar. Nokkur atriði eru nefnt hér sem sérstaklega þarf að huga að:

1. Lyfta fiskinum sem minnst frá vatni.
2. Mæla lengd fisksins með málbandi (ekki er mælt með því að vigta fiska sem sleppt er til lífs).
3. Veiðimaður skal hafa hröð og örugg vinnubrögð.
4. Renna hnífsoddi á móti legu hreisturs til að losa hreisturplötturnar af.
5. Passa vel að skera ekki í roð fisksins eða særa hann á meðan hreistri er safnað (einnig hægt að nota pinsettu/flísatöng), en við það skapast sýkingarhætta.

Minnt er á að vanda merkingar á sýnatökupokann og skrá allar helstu upplýsingar um fiskinn, þ.e. kyn, þyngd, lengd, dagsetningu veiðinnar (dagur-mán-ár) og veiðistað. Einnig er mælt til þess að skrá aðrar upplýsingar ef við á, t.d. ef fiskur er merktur, ummerki er um lús, sár á fiski eða grunur um eldiseinkenni.

Upplýsingar voru fengnar af heimasíðu Hafrannsóknastofnunar 4. febrúar 2026 á slóðinni:

<https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/stangveidi/hreistursynataka>



# **HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna